

Nd.

620. Frumvarp til laga

[235. mál]

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. mars.)

1. gr.

1. málgr. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspeki-deild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísinda-deild.

2. gr.

Í stað síðustu málgr. 11. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósents í prófessorsembætti.

3. gr.

2. málgr. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor meðan hann gegnir rektorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors, að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár skal háskóladeild taka afstöðu til þess hvernig með stöðuna skuli fara og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málgr. er hljóði svo:

Í tengslum við skrifstofu háskólans starfar þjónustumiðstöð sem annast gerð samninga milli aðila innan háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú, sem kveðið er á um í 1. gr., skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.